

**Til:** Sigurdís Sveinbjörnsdóttir

**Frá:** Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>

**Heiti:** Re: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss Kópaskeri

**Sent:** 6.7.2021 13:36:41

**Höfundur:** Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>

**Viðhengi**

[image001.png](#)

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202106-0003 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings dags. 1. júní 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsta tillögu að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópaskeri.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri deiliskipulagsbreytingu tengt fiskeldisstöðinni Rifósi þann 14. október 2020. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir nýju deiliskipulagsbreytinguna sem snýr að lítils háttar stækkun og breytingum á byggingarreitum í gildandi deiliskipulagi. Líkt og í fyrri umsögn gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna en leggur áherslu á að öllu raski verði haldið í lágmarki og allar mengunarvarnir eins og góðar og mögulegt er sem og umgengni á svæðinu, enda svæðið innan núgildandi náttúruuminjaskrár, nr. 537, Röndin við Kópasker, og innan mikilvægs fuglasvæðis, sjá [Melrakkaslétta | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#).

Einnig er vísað í nýlega umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun eldistöðvarinnar dags. 12. maí 2021.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS